

Fyrirspurn lögð fram á fundi mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 12. september

### ***Fyrirspurn fulltrúa Flokk fólksins um stofnun íbúaráða***

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um stofnun íbúaráðs en fyrir er íbúaráð á svæðinu. Eitt er það hverfi í Reykjavík sem Flokkur fólksins telur að auka þurfi um eitt íbúaráð. Tilgangur er að auka vitund íbúa um þátttökulýðræði og að fulltrúar íbúaráðsins verði í nánari tengslun við fólkið. Samsetning íbúa og hagsmunir geta verið ólíkir á ákveðnum svæðum innan sama svæðisins.

Fjölgun íbúaráða í Reykjavík.

1. Hvað þarf að uppfylla til að koma á fót íbúaráði?
2. Forsendur fyrir fjölgun íbúaráða
3. Reglur Reykjavíkurborgar fyrir stofnun íbúaráða
4. Ferlið frá upphafi og þar til íbúaráð er stofnað
5. Lágmarks fjöldi íbúa, æskilegur fjöldi íbúa fyrir nýtt íbúaráð.

### ***Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu við fyrirspurninni***

Vegna fyrirspurnar fulltrúa flokks fólksins er vísað í tillögur stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð sem samþykktar voru á fundi borgarráðs þann 2. maí s.l. Þar koma fram tillögur um stofnun íbúaráða m.a. fjölda þeirra og hlutverk.